



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2024

Efni: Umsögn SI um tilskipun ESB 2023/2413 um breytingu á tilskipun ESB 2018/2001 um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til erindis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 22. febrúar sl., þar sem kynnt eru til umsagnar tilskipun ESB 2023/2413 um breytingu á tilskipun ESB 2018/2001 um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku.

Líkt og fram kemur í framangreindu erindi ráðuneytisins er umrædd tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2023/2413 (REDIII), frá 18. október 2023, endurskoðun á tilskipun 2018/2001 (REDII) sem kemur í kjölfar Græna sáttmálans frá 2019 (European Green Deal) og RePowerEU sem er átak í að verða óháð rússneskum afurðum eftir stríð Rússa gegn Úkraínu. Átakið felst í að stórauka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í Evrópu með ýmsum úrræðum. Bindandi markmið ESB um hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa hefur verið hækkað úr 32% líkt og núgildandi tilskipun kveður á um upp í að a.m.k. 42,5%. Þá kemur einnig fram í erindinu að umrædd gerð hefur ekki verið tekin upp í EES samninginn og er enn til skoðunar hjá EFTA-EES ríkjunum. Þá vísar ráðuneytið til þess að fyrir liggi umsögn SI, dags. 28. október 2021, um bæði 2018/2011 og tillögu um breytingu á henni sem þá lá fyrir.

SI hafa kynnt sér fyrirliggjandi gerð sem hér er til umsagnar að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið frá því að fyrri umsögn samtakanna var send á ráðuneytið.

Að mati SI er ljóst að boðaðar breytingar munu hafa áhrif hér á landi og kalla á jafnt aðgerðir atvinnulífs sem og stjórnvalda, s.s. hvað varðar áform og áætlanir er viðkoma orkuskiptum í jafnt samgöngum sem og iðnaðarstarfsemi. Ítreka samtökin að slíkar aðgerðir eru undirsettar ýmsum breytingum hvað varðar hvata og ívilnanir til að hraða slíkum umbreytingum hér á landi. Hins vegar hefur atvinnulíf sett sér metnaðarfull markmið um slík áform og má þar vísa til þeirra aðgerða sem fram koma í Loftslagsvegvísunum atvinnulífsins og kynntar hafa verið fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Þá munu slíkar aðgerðir sem leiða af umræddri tilskipun einnig kalla á aukna raforkunotkun og þar af leiðandi tryggt framboð á raforku til lengri tíma litið litið. SI hafa hins vegar ítrekað lýst yfir þungum áhyggjur af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið



á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. SI hafa því ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda til að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans sem skortur á raforku er. Stöðugt og tryggt framboð á raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt.

Að gefnu tilefni ítreka SI einnig að innan SI eru starfandi Vætnis- og rafeldsneytissamtökin (VOR) en aðilar að þeim samtökum eru öll helstu fyrirtæki hér á landi sem undirbúaframleiðslu vætnis- og/eða rafeldsneytis. Ljóst er að hagsmunir þessara fyrirtækja eru gífurlegir er viðkemur skilvirku og tryggju starfsumhverfi, jafnt sem stefnu stjórnvalda hvað orkuskipti varðar. Því er það verulegt hagsmunamál fyrir SI og aðildarfyrirtæki þeirra að samráð og samtal eigi sér stað á milli stjórnvalda og atvinnulífs þegar kemur að innleiðingum á kröfum um orkuskipti og framleiðslu og framboð á vætni og rafeldsneyti, s.s. á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna í áðurnefndri tilskipun.

Þá fagna SI sérstaklega öllum áherslum er hafa það að markmiði að gera leyfisveitingaferli vegna endurnýjanlegrar orkuframkvæmda skilvirkara til að hraða uppbyggingu orkuinnviða. Einnig fagna SI því að nýting endurnýjanlegrar orku verði skilgreind sem *yfirgnæfandi almannahagsmunir* þegar kemur að rökum fyrir nýjum orkumannvirkjum.

Fagna SI þessu markmiði sem að framan greinir sem er í fullu samræmi við áherslur SI á þessu sviði og vísa samtökin hér til skýrslu um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum sem VSÓ ráðgjöf vann á vegum SI, Samorku, SA og FRV. Í umræddri [skýrslu](#) var framkvæmd greining á umræddri málsmeðferð og samhliða lagðar fram tillögur um einföldun ferla. Í stuttu máli leiddi greiningin í ljós að í ferlinu sé töluverður tvíverknaður, boðleiðir óþjálpar og ferli óþarflega flókin. Þá kemur þar fram að samanburður við löggjöf nágrannabjórða staðfesti þá greiningu. Víða eru tækifæri til að einfalda ferla og straumlínulaga til að bæta yfirsýn, draga saman verkþætti og stytta málsmeðferðartíma án þess þó að skerða þátttökurétt almennings og hagsmunaaðila eða vera í andstöðu við tilgang viðkomandi laga. Að teknu tilliti til þeirrar greiningar eru í skýrslunni lagðar tillögur til úrbóta og einföldunar á málsmeðferð og leyfisferli framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Dregur umrædd skýrsla þannig fram þau tækifæri sem eru til staðar til að einfalda stjórnsýslu og tryggja skilvirkni við leyfisveitingar án þess að slá af kröfum sem gera verður að teknu tilliti til m.a. umhverfis og ábyrgðar auðlindanýtingar. SI skora því á umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti að taka tillit til umræddrar skýrslu hvað varðar umfjöllum um umrædda gerð.

Að öðru leyti vísa SI almennt til fyrri umsagnar samtakanna, og vísað er til að framan, og ítreka samtökin þær athugasemdir sem þar koma fram. Sér í lagi ítrekast sjónarmið SI hvað varðar kerfi upprunaábyrgða á raforku og samspil við innendar aðstæður.



SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lárus M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála